

LÖG

um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum (réttur til launa í veikindum).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „föstum launum“ í 2. mgr. kemur: kjarasamningsbundnum launum í viðkomandi starfsgrein í réttu hlutfalli við starfshlutfall viðkomandi.
- b. Í stað orðanna „dagvinnulaunum sínum í þrjá mánuði“ í 4. mgr. kemur: í þrjá mánuði kjarasamningsbundnum launum í viðkomandi starfsgrein í réttu hlutfalli við starfshlutfall hans.
- c. 5. mgr. orðast svo:

Með kjarasamningsbundnum launum í viðkomandi starfsgrein er átt við laun samkvæmt kjarasamningi á svæði því er samningurinn tekur til miðað við dagvinnu fyrir 8 klst. á dag eða 40 klst. á viku miðað við fullt starf í viðkomandi starfsgrein.

2. gr.

7. gr. laganna fellur brott ásamt fyrirsögn.

3. gr.

4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. október 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðbjartur Hannesson.